

Reykjanesbær
Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi
Tjarnagötu 12
230 Reykjanesbæ

Reykjanesbæ 27. febrúar 2020

Efni: Ósk um frávík frá á deiliskipulagi Hólmborgsbrautar 9 til samræmis við næstu lóð Hvalvík 2.

Sparri ehf lóðarhafi Hólmborgsbrautar 9 í Helguvík óskaði eftir frávíki á lóðinni við Hólmborgsbraut með tölvupósti til skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar 23. janúar sl. Þar var óskað eftir lengingu á byggingarreitum til samræmis við Hvalvík 2. Það var samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar 21. febrúar.

Við nánari vinnslu málsins hjá Sparra ehf. kom í ljós að til að halda ákveðnu samræmi milli Hvalvíkur 2 og Hólmborgsbrautar 9 færi best á því að um 15 m væru milli þeirra 4 húsa sem verða á þessum lóðum og mynda ákveðna heild. Þegar núverandi hús við Hvalvík 2 og 2a eru byggð er lagt upp með að byggja 4 eins hús og lóðin Hvalvík 2 virðist hafa náð yfir það sem nú er Hvalvík 2, 2a og Hólmborgsbraut 9. Þar var sleginn sá taktur að 15 m væru milli húsa og um 10 m frá langhlið húss og að lóðarmörkum austast og vestast í lóðinni og þannig eru Hvalvík 2 og Hvalvík 2a byggð. Hér með óskar Sparri ehf eftir að vestara húsið að Hólmborgsbraut 9 fái að fara 2,5 m vestur fyrir byggingarlínu skv. lóðarblaði. Það er í samræmi við að austara hús á lóðinni Hvalvík 2 stendur 2,5 m austur fyrir byggingarlínu skv. lóðarblaði. Með þessu stæðu bæði þessi hús 7,5 m frá sameiginlegum lóðarmörkum.

Virðingarfyllst,

Halldór Jónsson

